

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/80
komudagur 5.11.2007


Reykjavík 5. nóvember 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 91. mál.

Sjómannasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögnum um stjórn fiskveiða. Eins og boðað var í mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar, vegna niðurskurðar á þorskveiðiheimildum, gerir frumvarpið ráð fyrir að veiðigjald á veiðiheimildir í þorski verði fellt niður á yfirstandandi og næsta fiskveiðiári. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að framlengt verði um eitt ár ákvæðinu um að veiðigjald af úthafsækju sé aðeins innheimt af lönduðum rækjuafli.

Sjómannasamband Íslands ítrekar fyrri skoðun um að veiðigjaldið eigi ekki rétt á sér og ætti því að fella það niður í heild sinni. Vissulega skiptir það skref, sem lagt er til í frumvarpinu að stigið verði, miklu máli fyrir sjávarútveginn. Sjómannasamband Íslands styður því frumvarpið og væntir þess jafnframt að þetta sé aðeins fyrsta skrefið í að afnema veiðigjald af aflaheimildum almennt.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson